

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr.:

- a. Á eftir staflíð h í upptalningu kennslugreina í 1. mgr. 92. gr. bætist við nýr staflíður, svohljóðandi: Til MA-prófs í samanburðarstjórnámum.
- b. Á eftir 15. mgr., um diplómanám í hagnýtri jafnréttisfræði, bætist við ný málsgrein, svohljóðandi: Diplómanám í smárikjafræðum: smáriki Evrópu (Small State Studies: Small States in Europe) er sjálfstætt 30 eininga nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskóla-prófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í MA-nám að uppfylltum inntökuskilyrðum.

#### 2. gr.

2. másl. 7. mgr. 97. gr. breytist og orðast svo: Námið er samstarfsverkefni tveggja deilda háskólans, guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og hjúkrunarfræðideildar, í samræmi við sérstakt samkomulag deildanna.

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 18. febrúar 2015.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2015